



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 30. október 2018
SFS2018080151
4.8
HG/SP/shj

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

101 REYKJAVÍK

Málsnr.: R 18080052
Skjalasafn Ráðhúss
01. nóv. 2018
Bréfalykill: 250

Umsögn skóla- og frístundasviðs vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa ~~Flokks fólksins~~ varðandi félags- og menningarlega einangrun innflytjenda í Fellahverfi

Óskað var eftir umsögn skóla- og frístundasviðs vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði 23. ágúst s.l.

Skóla og frístundasvið rekur leikskóla, grunnskóla auk frístundaheimila, félagsmiðstöð og frístundamiðstöð í Fellahverfi.

Leikskólarnir í Breiðholti hafa fengið viðbótarfjármagn til að vinna sérstaklega með börn af erlendum uppruna auk þess sem túlkajónusta er greidd miðlægt til að auka möguleika á góðu samstarfi við foreldra. Leikskólarnir Ösp og Holt hafa báðir verið í þróunarverkefnum um að efla málumhverfi barnanna í leikskólanum en talmeinafræðingar hafa unnið með báðum leikskólum undanfarið ár, greint stöðu barnanna og sett upp áætlanir um málörvun fyrir starfsfólk. Í því verkefni hefur fræðsla og ráðgjöf til foreldra um mál og læsi verið aukin verulega.

Í Fellaskóla er rekið verkefnið 1,2 og Fellaskóli sem er ætlað að koma til móts við sérstæðan nemendahóp Fellaskóla, þar með talið nemendur af erlendum uppruna. Markmið verkefnisins er að veita nemendum heildstæðan skóladag þar sem áhersla er lögð á mál og læsi og félagsfærni. Kennslustundum var fjölgað úr 30 í 35 í 1. og 2. bekk, daglegur samverutími kennara og nemenda lengdur til kl. 14:00 og skóladagur nemenda lengdur til kl. 15:40. Þessi skólatími er gjaldfrjálss að öllu leyti fyrir foreldra. Frístundaleiðbeinendur starfa við hlið kennara, hafa umsjón með nemendum yfir daginn. Nemendum gefst einnig kostur á að dvelja til kl. 17:00 í skólanum gegn gjaldi. Verkefnið 1, 2 og Fellaskóli veitir nemendum í 1. og 2. bekk skólans tækifæri til lengri skóladags og samfellu í skóla- og frístundastarfi. Nemendur dvelja lengur í íslensku málumhverfi en gerist og gengur í öðrum skólum. Þannig næst heildstæð nálgun á skóladag nemenda þar sem áhersla er á málörvun í námi og leik.

Fellaskóli fær úthlutað til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á sama grunni og aðrir skólar í Reykjavík. Nemendur fá fjölbreyttan stuðning í íslensku, aðstoð innan og utan bekkjar eftir þörfum hvers og eins.

Þróunarsjóður Reykjavíkurborgar styrkti verkefni skólaárið 2017-2018 sem hafði það að markmiði að efla samstarf við pólska foreldra í Fellaskóla. Gerð var tilraun með opna foreldrafundi með skólastjóra og pólskumælandi ráðgjafa.

Þróunarsjóður Reykjavíkurborgar styrkti þróunarverkefnið Okkar mál árin 2012-2017.

Verkefnið hafði það að meginmarkmiði að auka samstarf skólanna í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Fjölmargir komu saman að þessu verkefni, leikskólarnir Holt og Ösp, Fellaskóli, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Háskóli Íslands auk skóla- og frístundasviðs. Mikil ánægja var með þetta verkefni.


Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir rekstri frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Breiðholtshverfi, fyrir utan verkefnið 1,2 og Fellaskóli. Í Fellahverfi er rekið frístundaheimilið Hraunheimar sem er safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk Fellaskóla og Hólabrekkuskóla. Í Hraunheimum eru 68 börn og þar af eru 12 börn úr Fellaskóla. Tilgangur safnfrístundar er m.a. að stækka félagslegt net barna úr báðum skólum og með meiri blöndun fái fleiri börn tækifæri til að blandast íslensku samfélagi. Einnig er rekið frístundaheimilið Álfheimar í Hólabrekkuskóla.

Félagsmiðstöðin 111 er rekin í efra Breiðholti og er staðsetning félagsmiðstöðvarinnar í miðju hverfinu, á milli Hólabrekkuskóla og Fellaskóla. Þar gildir sama markmið og er talið upp hér að ofan þ.e. að stækka félagslegt net barna og stuðla að eðlilegri blöndun og auðvelda börnunum og unglingunum að aðlagast íslensku samfélagi. Tæplega 70 % nemenda í 8. – 10. bekk Fellaskóla sækja félagsmiðstöðina 111 reglulega og er það nokkuð hátt hlutfall miðað við þátttöku annars staðar í borginni. Af þeim 30% sem ekki sækja félagsmiðstöðina reglulega er ríflega helmingur þeirra af erlendum uppruna.

Eitt það mikilvægasta fyrir aðlögun fólks af erlendum uppruna er þátttaka í félagsstarfi, tómstundastarfi og íþróttastarfi og því hafa starfsstaðir skóla- og frístundasviðs lagt ríka áherslu á að börn og unglingar í Fellahverfi taki virkan þátt í frístundastarfi.

Í nýlegri samantekt Óskars Dýrmundar Ólafssonar, hverfisstjóra/framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvarinnar frá 12.10.2018 er yfirlit yfir fjölmörg verkefni og þróun þeirra sem unnin voru á árunum 2012-2018.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs